

**Nd.**

**428. Tillaga**

til þingsályktunar um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum.

**Greinargerð.**

Á síðari árum hefir margvíslegur innlendur iðnaður vaxið upp hjér í landinu, og virðist sá vöxtur áframhaldandi. Eftirlit er lögboðið með skipum, en með verksmiðjum þessum vantar bæði eftirlit til öryggis gegn slysum og til að sjá um, að þessir vinnustaðir sjeu heilsusamlegir fyrir verkafólkið. Þesskonar eftirlit er fyrir löngu síðan lögboðið í öllum nágrannalöndum, og þykir því rjett, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp um þetta efni.